

Stjórnarfundur 20.11.2023

1. Fórum yfir tillögu formanns beitarnefndar um skipulag beitarhólfa.
2. Umbunarkerfi fyrir nefndarfólk Ljúfs
 - a. Þeir nefndarmenn sem skila a.m.k. 10 klst vinnu fyrir nefndina á tímabili sem nær frá aðalfundi til næsta aðalfundar fá inneign að andvirði 30.000 kr inn á Sportabler.
 - b. Inneign verður ekki greidd út heldur má nota hana til greiðslu á beitargjöldum eða viðburðum og námskeiðum félagsins.
 - c. Ekki má nota inneign til að greiða félagsgjald.
 - d. Formenn nefnda biðja nefndarmenn að halda utan um þá fjölda tíma sem þeir vinna fyrir nefndina.
 - e. Formenn nefnda skila upplýsingum um vinnutíma nefndarfólks til formanns Ljúfs sem yfirfer og uppfærir inneign í Sportabler tvisvar ári, í lok maí og lok október.
 - f. Inneign fyrrist ekki fyrr en eftir 2 ár.
3. Tillaga um að skipta beitar- og mannvirkanefnd upp í tvær nefndir. Stjórn finnst það góð hugmynd nú þegar umfang beggja viðfangsefna er að aukast með fjölgun félaga í Ljúf.
4. Samþykkt að setja útiljós á félagsheimili, bæði við pall og ljós sem vísar að plani við hlið hússins. Einnig skal laga betur ljós sem lýsir upp reiðvöll.
5. Hveragerðisbær mun útvega staura og undirstöður fyrir skilti til að merkja reiðvegi. Það hefur verið skortur á undirstöðum svo það hefur ekki legið á lausu en formaður mun ítreka við áhaldahús.
6. Laga aðgengi að Sólborgarlandi.
 - a. Formaður mun tala aftur við Vegagerð sem hefur ekki viljað fara í málið, og athugar hvort Vegagerðin muni greiða til baka reikning ef Ljúfur sér um að ráða verktaka í framkvæmdina.